

Alþingi
Erindi nr. 140/684
komudagur 7.12.2011



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd Björgvin G.
Sigurðsson, formaður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2011
Tilv.: MMR11100346/3.8-

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu hafa borist spurnir af því að fram hafi verið lagt frumvarp til laga um breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með áorðnum breytingum - þingmál nr. 38 á 140. löggjafarþingi.

Af þessu tilefni óskar ráðuneytið að koma þeim upplýsingum á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis að heildarendurskoðun á fyrrgreindum lögum stendur nú yfir. Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði 9. júní 2011 eftiralda til setu í endurskoðunarnefnd um lög nr. 21/1992: Ingva Snæ Einarsson, sem er formaður nefndarinnar, tilnefndur af ráðherra, Harald Guðna Eiðsson, sem er tilnefndur af Lánasjóði íslenskra námsmanna, Auði Lilju Erlingsdóttur, sem er tilnefnd af Lánasjóði íslenskra námsmanna, Lilju Dögg Jónsdóttur, sem er tilnefnd af Stúdentaráði Háskóla Íslands og Skúla Sveinsson, sem er tilnefndur sameiginlega af Bandalagi íslenskra námsmanna, Sambandi íslenskra framhaldsskólanna og Sambandi íslenskra námsmanna erlendis.

Í skipunarbréfi kemur fram að nefndinni sé ætlað að skýra tilgang og markmið námslánakerfisins á Íslandi og meta stöðu þess með hliðsjón af þróun námsframboðs og menntunar á háskólastigi. Nefndinni er sérstaklega ætlað að fjalla um eftirfarandi álitæfni: hver á að vera hugmyndafræðilegur grundvöllur námslánakerfisins á Íslandi?; hvaða nám á að vera lánshæft?; hver eiga að vera skilyrði fyrir námsaðstoð?; hvers konar námsaðstoð á að vera í boði í lánshæfu námi?; hvernig skal ákvarða lánsfjárhæðir?; á hvaða sjónarmiðum skal byggja við tilhögun á endurgreiðslu námslána?; hvernig skal háttá stjórnskipulagi Lánasjóðs íslenskra námsmanna?; hvernig á að fjármagna Lánasjóð íslenskra námsmanna og hvaða kröfur skulu gerðar til sjóðsins um sjálfbæran rekstur?; hvert á að vera hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna þegar kemur að náms- og vinnumarkaðsúrræðum fyrir ungt fólk án atvinnu? Um tillögur nefndarinnar segir í skipunarbréfi að þær skuli vera greinandi og í þeim gerð grein fyrir ástæðum breytinga, styrkleikum þeirra og ávinningi. Einnig skuli koma fram hnitmiðuð samantekt um helstu niðurstöður. Á grundvelli tillagna nefndarinnar verði svo samið heildstætt lagafrumvarp í ráðuneytinu. Ráðgert var að nefndin skilaði tillögum sínum fyrir 21. október 2011 en hún hefur nú boðað seinkun á nefndastarfinu vegna ófyrirséðs umfangs ýmissar greiningarvinnu.

Að mati ráðuneytisins geta þær hugmyndir sem fram koma í framangreindu frumvarpi verið innlegg í vinnu endurskoðunarnefndarinnar og ætti að beina því til nánari umfjöllunar á þeim vettvangi. Loks er rétt að geta þess að þingmál 38 hefur ekki hlotið kostnaðargreiningu og því óvíst hvaða áhrif samþykki þess kynni að hafa á fjárhag Lánasjóðsins. Eins og fram kemur í

Þingmálaskrá ríkisstjórnar fyrir 140. löggjafarþing er að því stefnt að leggja fram stjórnarfrumvarp til nýrra laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna á yfirstandandi þingi.

Fyrir hönd ráðherra

Ásta Magnúsdóttir
Ásta Magnúsdóttir

Jón Vilberg Guðjónsson
Jón Vilberg Guðjónsson